

## Efnisyfirlit:

Um handbókina:.....	2
Að byrja í leikskóla:.....	2
Aðlögun:.....	2
Vistunartímar: .....	2
Breyting á vistunartímum: .....	2
Reikningar: .....	2
Veikindi: .....	3
Lyfjagjöf:.....	3
Innivera eftir veikindi:.....	3
Slys eða óhöpp: .....	3
Klæðnaður:.....	3
Koma og brottfarir.....	3
Hreyfing og útivera:.....	4
Hvöld:.....	4
Ferðir:.....	4
Afmæli:.....	4
Leikföng að heiman: .....	4
Skipulagsdagar: .....	5
Þroskamat: .....	5
Sérfræðiráðgjöf: .....	5
Barnavernd:.....	5
Foreldrasamtöl: .....	5
Foreldrafélagið: .....	5
Foreldraráð: .....	5

### **Um handbókina:**

Tilgangur Foreldrahandbókar er að auðvelda foreldrum að finna upplýsingar um það helsta sem gott er að vita um leikskólastarfið og þær reglur, venjur og siði sem hér tíðkast. Skólanámskrá og Starfsáætlun gefa ítarlegri upplýsingar um markmið, leiðir og þá hugmyndafræði sem liggur að baki starfinu á Hörðuvöllum. Það er von okkar að handbókin komi að góðum notum en allar athugasemdir og ábendingar um hvað má betur fara eru vel þegnar.

### **Að byrja í leikskóla:**

Þegar lítið barn byrjar í leikskóla verður oft mikil breyting á lífi þess og foreldranna. Barnið er nú að stíga sín fyrstu skref á menntabrautinni því leikskólinn er fyrsta skólastigið. Eins og gefur að skilja geta bæði barnið og foreldrarnir verið óörugg í fyrstu. Þegar barn byrjar í leikskóla er mikilvægt að það gerist smám saman svo barnið verði öruggt í nýju umhverfi og njóti sín sem best. Í aðlögun kynnist barnið starfsfólki, hinum börnunum og húsakynnum leikskólans. Á aðlögunartímanum eykst öryggi barnsins smám saman og það verður tilbúnara til að vera með í leikskólahópnum.

### **Aðlögun:**

Aðlögun er ekki einungis aðlögun barnsins, heldur einnig tími fyrir foreldra og starfsfólk að kynnast. Með góðum aðlögunartíma aukast tengslin milli foreldra og starfsfólks. Hornsteinn er lagður að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi heimilis og skóla. Aðlögunin er skipulögð af deildarstjóra í samráði við foreldra. Fyrstu dagana dvelur barnið stuttan tíma ásamt foreldri en dvölin er smám saman lengd dag frá degi. Þetta er gert til þess að barnið fái gott tækifæri til að meðtaka breyttar aðstæður. Einnig er það nauðsynlegt til að draga úr þreytu og spennu.

Foreldrar þurfa að ætla sér u.þ.b. vikutíma í aðlögun barnsins inni á leikskólanum.

### **Vistunartímar:**

Leikskólinn er opinn frá klukkan 7.30 til 17.00 á daginn. Foreldrar velja þann vistunartíma sem þeir þurfa á að halda með tilliti til þess tíma sem fer í ferðir til og frá vinnu. Ekki er gert ráð fyrir að vistunartími barns sé skemmri en fjórir tímar eða lengri en níu og hálfur tími. Það er hægt að kaupa heila tíma, hálfu eða korter (dæmi: 7.45-15.00 eða 8.15-16.15). Við biðjum foreldra vinsamlegast að virða vistunartíma barna sinna.

### **Breyting á vistunartímum:**

Ef breyta þarf vistunartíma barns eða segja upp plássi þarf að gera það með mánaðar fyrirvara. Miðað er við 1. eða 15. dag mánaðar. Fylla þarf út viðeigandi eyðublað eða senda leikskólastjóra tölvupóst með upplýsingum um nafn barns, núverandi vistunartíma, hvaða vistunartíma óskað er eftir ásamt upplýsingum um þá dagsetningu sem breytingin tekur gildi.

### **Reikningar:**

Reikningar eru sendir út mánaðarlega og er leikskólagjaldið greytt fyrirfram. Greitt er fyrir 11 mánuði á ári þar sem gert er ráð fyrir að börn taki sumarleyfi samfelld í fjórar vikur. Ef foreldrar hafa spurningar eða athugasemdir varðandi reikninga eru þeir vinsamlega beðnir að snúa sér til leikskólastjóra.

### **Veikindi:**

Það er eðlilegt að ung börn grípi alls konar umgangspestir því ónæmiskerfi þeirra er að þroskast. Lífið í leikskólanum er líka mjög náíð, börnin skiptast á leikföngum sem þau eru gjarnan að „smakka“. Þau eru mörg saman og eru enn ekki búin að læra að halda fyrir munninn þegar þau hósta. Vinsamlega tilkynnið á deild barnsins ef það er fjarverandi vegna veikinda eða er í frí.

### **Lyfjagjöf:**

Við höfum gefið börnum astmapúst í leikskólanum en önnur lyf á að gefa heima. Ef læknir telur nauðsynlegt að barn fái lyf í leikskólanum þarf að koma með læknisvottorð og ræða um það við leikskólastjóra.

### **Innivera eftir veikindi:**

Eftir að barn hefur verið heima hitalaust í sólarhring eftir veikindi getur það fengið að vera inni í einn til tvo daga eftir atvikum svo framarlega sem aðstæður í leikskólanum leyfa. Innivera í leikskóla til að fyrirbyggja veikindi er ekki í boði. Ráðfærið ykkur við deildarstjóra barnsins.

### **Slys eða óhöpp:**

Í stórum hópi fólks geta alltaf orðið slys eða óhöpp. Strax er haft samband við foreldra ef barn verður fyrir slysi/óhappi sem þarfnast frekari meðhöndlunar en hægt er að veita í leikskólanum. Ef ekki næst í foreldra fer starfsfólk með barn á slysadeild/heilsugæslu ef með þarf. Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir fyrstu komu á slysadeild.

### **Klæðnaður:**

Það má segja að leikskólinn sé vinnustaður barnsins. Það er því mikilvægt að barnið mæti í þægilegum fatnaði sem hugsanlega þarf að þola bletti t.d. leir, lím eða málningu. Börn hreyfa sig mikið og þurfa því að eiga auðvelt með að fækka fötum t.d. í skipulagðri hreyfingu. Það er líka mjög mikilvægt að fatnaður barnanna sé ekki hættulegur t.d. með löngum reimum í hettu eða annað slíkt. Börnin þurfa einnig að hafa með sér viðeigandi útifatnað. Þar sem veðrið á landinu okkar er mjög fjölbreytilegt þá er nauðsynlegt að hafa með sér bæði polla- og kuldagalla yfir veturinn sem og skófatnað sem þolir bæði bleytu og frost. Nauðsynlegt er að merkja allan fatnað barnanna vel, þannig eru minni líkur á að flíkurnar glatist.

### **Koma og brottfarir:**

Nauðsynlegt er að láta starfsfólk vita þegar komið er með barn í leikskólann og að sama skapi þegar barn er sótt. Vinsamlega látið okkur vita ef einhverjir aðrir en þeir sem venjulega sækja barn ætla að sækja. Þetta skiptir bæði barnið og okkur miklu máli. Við þurfum að vita hvort viðkomandi hefur leyfi forráðamanna til að sækja barnið. Stjórnendur Hörðuvalla óska eftir því að sá aðili sem sækir barn sé orðin 12 ára.

Í leikskólanum erum við með dagskipulag sem finna má undir „Daglegt starf“ hér á heimasíðunni. Þar koma fram tímasetningar á starfsemi leikskólans. Sumir tímar í dagskipulaginu eru viðkvæmari fyrir truflun en aðrir, má þar nefna hópastarf sem eru kennarastýrðir tímar þar sem börnin eru að vinna eftir fyrirmælum frá kennara og tíminn í hádeginu frá 11:30-13:00 en þá borða börnin og hvíla sig. Foreldrar, forráðamenn og aðrir aðstandendur er beðnir að virða þessa tíma, hvíld og vinnu barnanna. Ef koma þarf með eða sækja barn á þessum tímum nú eða bara að hitta barnið þá vinsamlega látið okkur vita fyrirfram svo hægt sé að gera ráðstafanir.

**Hreyfing og útivera:**

Hreyfing gegnir lykilhlutverki fyrir andlega, líkamlega og félagslega vellíðan fólks alla ævi. Þannig er öllum mikilvægt að tileinka sér lífshætti sem fela í sér daglega hreyfingu, óháð aldri, kyni, holdafari, andlegri eða líkamlegri getu. Börnin fara í skipulagða hreyfingu í sal a.m.k. einu sinni í viku. Það er farið út alla daga einu sinni til tvisvar á dag.

**Hópaskipting:**

Börnunum er skipt í hópa og á hver hópur sinn kennara. Hópurinn er saman í hópastarfi, vettvangsferðum, við matarboðið o.s.frv. Hver hópur á sitt borð á deildinni og sinn stað í hvíldinni.

**Hvíld:**

Öll börn hafa þörf fyrir að fá hvíld frá amstri dagsins. Í leikskólanum er barnið innan um rúmlega 20 önnur börn allan daginn og stundum eru mikil ærsl og hávaði. Sum börnin eru einnig það ung að þau þurfa að leggja sig. Þess vegna hvíla sig allir eftir hádegismatinn, hlusta á sögu eða tónlist og stundum á þögnina. Sumir liggja bara og hvíla sig á meðan aðrir sofa.

**Ferðir:**

Reglulega eru farnar ferðir út fyrir lóð leikskólans. Stundum er farið í strætó eða rútu og stundum í gönguferðir um nágrennið. Ferðirnar hafa alltaf ákveðinn tilgang. Starfsmaður sem fer í ferð með börn skal alltaf láta vita hvert hann fer, hvenær von er á hópnum aftur og hafa með sér síma ef eitthvað kemur uppá.

**Afmæli:**

Leikskólinn sér um að halda upp á afmæli barnsins. Afmælisbarnið fær kórónu og haldin er veisla á deildinni. Bökuð er kaka eða búinn til ís sem afmælisbarnið býður deildarfélögum upp á. Allir sitja við langborð og syngja afmælissönginn. Ef mörg börn á deildinni eiga afmæli með stuttu millibili eru afmælisveislur oft sameinaðar því ekki er hollt að borða afmælisöku oft í viku. Á söngfundi á föstudögum er sungið fyrir öll afmælisbörn vikunnar.

Af gefnu tilefni biðjum við foreldra að dreifa ekki boðskortum í hólfin. Það er stefna Hafnarfjarðarbæjar að sporna gegn einelti/útilokun í öllu skólastarfi. Við á Hörðuvöllum virðum þá stefnu m.a. með því að halda formlegum heimboðum utan leikskólans.

Ef ætlunin er að bjóða nokkrum vinum úr leikskólanum í afmælisveislu hafið þá samband við viðkomandi deildarstjóra.

**Leikföng að heiman:**

Ekki er ætlast til að barn hafi með sér leikföng að heiman. Ef barn kemur með leikfang með sér ber leikskólinn ekki ábyrgð á því. Þó skal hafa í huga að þegar barn er ný byrjað í leikskólanum getur verið gott að taka með sér „huggara“ þ.e. eitthvað sem barnið getur sett traust sitt á, ef barnið notar eitthvað slíkt.

**Skipulagsdagar:**

Skipulagsdagar starfsfólks eru fimm á ári. Þá daga er lokað í leikskólanum. Þessir dagar eru alltaf auglýstir á skóladagatali og með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara á heimasíðu leikskólans. Auglýsingar eru einnig á göngum leikskólans.

**Proskamat:**

Að skrá niður og fylgjast með alhliða þroska barnanna er hluti af vinnu leikskólakennarans. Í foreldrasamtölum ber leikskólakennaranum að upplýsa foreldra um þroska- og félagslega stöðu barnsins.

**Sérfræðiráðgjöf:**

Á Fræðslu- og frístundþjónustu Hafnarfjarðar starfa leikskólaráðgjafar sem veita leikskólakennurum faglega ráðgjöf og eru samstarfsaðilar ef upp koma þroskafrávik hjá börnum. Það er aldrei leitað eftir hjálp vegna þroskafráviks barns nema foreldrar viti af stöðu mála og hafi veitt skriflegt samþykki sitt.

**Barnavernd:**

Lögum samkvæmt ber okkur að tilkynna hvers konar vanrækslu eða misnotkun til Barnaverndarnefndar. Tilkynning okkar er alltaf undir nafni.

**Tekið skal fram að allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu sem heldur ef látið er af störfum.**

**Foreldrasamtöl:**

Foreldrasamtöl eru haldin einu sinni á ári í janúar-febrúar. Í aðlögun nýrra barna setjast deildarstjóri og foreldrar niður og ræða um barnið. Að auki er foreldrum velkomnið að hafa samband við deildarstjóran og óska eftir viðtali ef þurfa þykir. Það er mjög mikilvægt að leikskólinn fái upplýsingar um allar breytingar sem verða á högum barns svo hægt sé að bregðast rétt við gleði barnsins, sorg eða vanlíðan.

**Foreldrafélagið:**

Á Hörðuvöllum er starfandi foreldrafélag. Aðild að félaginu er frjáls. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum fyrir börnin. Nánari upplýsingar um foreldrafélagið er að finna hér á heimasíðunni.

**Foreldraráð:**

Í lögum um leikskóla segir m.a.: Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur.

Nánari upplýsingar er að finna hér á heimasíðunni.